

Virkni, ábyrgð, áhugi

Innleiðing lýðræðislegra kennsluhátta í framhaldsskóla

Afmörkun verkefnis

Viðfangsefni skólaþróunarverkefnisins er innleiðing lýðræðislegra kennsluhátta í framhaldsskóla, í þessu tilfalli Menntaskólan í Kópavogi (MK), en lýðræði er einn af grunnþáttum menntunar skv. aðalnámskrá framhaldsskóla (2011). Helsti tilgangur þess er að auka virkni nemenda í námi með lýðræðislegum kennsluháttum. Verkefnið snýst um að innleiða lýðræði inn í allt skólastarf, kennsluefni, kennsluhætti og námsmat.

Markmiðin eru:

- að nemendur taki virkari þátt í námi sínu
- að kennarar nýti sér fjölbreytta kennsluhætti og námsmat og þrói lýðræðisleg vinnubrögð innan skólastofunnar
- auka möguleika nemenda til að hafa áhrif á inntak og aðferðir náms og kennslu

Mikilvægt er að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í samfélaginu og fjölga þeim sem hafa reynslu af lýðræðislegum vinnubrögðum og kennsluháttum. Í aðalnámskrá framhaldsskóla (2011) segir að virkur borgari eigi að búa yfir vitund um eigin ábyrgð, lýðræði, gagnrýnni hugsun, umburðarlyndi, jafnrétti og mannréttindum og bera virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.

Kenningar John Dewey eru nátengdar umræðu um lýðræði í framhaldsskólum en „hugmynd hans er í senn hugmynd um ákveðna samfélagsgerð og ákveðið einstaklingseðli: hið lýðræðislega samfélag verður ekki að veruleika nema einstaklingarnir sem byggja það hafi ræktað með sér lýðræðislegt einstaklingseðli“ (Ólafur Páll Jónsson, 2011). Það er því ljóst að skólastarf er afar mikilvægur þáttur í að gefa einstaklingum kost á að þróa með sér lýðræðislegt einstaklingseðli. Ef nemendur fara á mis við lýðræðisleg vinnubrögð innan

skólans er ekki líklegt að þeir rækti með sér lýðræðislegt einstaklingseðli sem Dewey telur nauðsynlegt hverjum manni.

Nú er það svo að hefja á kennslu eftir nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla þann 1. ágúst 2015 skv. lögum nr. 92/2008. Það er því ekki seinna vænna að innleiða í skólastarfið þá grunnþætti sem þar er getið um. Það verður ekki gert nema til komi aukið fjármagn til skólanna svo hægt verði að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru, m.a. á kennsluefni og fá sem flesta kennara til að hjálpast að við að flétta grunnþættina inn í allt skólastarfið. Með þetta að leiðarljósi er sótt um styrk til þessa skólaþróunarverkefnis þar sem innleiðing lýðræðislegra kennsluhátta verður sett á oddinn. Ef vel tekst til í MK er ekkert því til fyrirstöðu að taka skólaþróunarverkefni eins og þetta og setja af stað í öllum framhaldsskólum landsins með þeirri þekkingu og reynslu sem næst við innleiðinguna í MK.

Rök fyrir gildi verkefnisins

Eitt helsta vandamál í íslensku skólakerfi er hversu óvirkir og áhugalausir nemendur eru um nám sitt. Ein af ástæðum þess hlýtur að vera ríkjandi kennsluhættir. Í þessu verkefni verður unnið með grunnþáttinn lýðræði til að auka áhuga nemenda, framlag þeirra og ábyrgð á eigin námi. Með aukinni virkni sjá nemendur tilgang námsins skýrar og ef þeir finna að þeir hafa rödd, áhrif og val dregur það úr uppgjöf og brotthvarfi sem er annað stórt vandamál í skólakerfinu.

Finn (1989) setti fram tvö líkön sem lýsa brotthvarfi sem löngu ferli. Það einkennist af því að skuldbinding nemenda minnkar smám saman. Annað líkanið fjallar um vonbrigði og sjálfsálit og kallast á ensku: *Frustration-self-esteem model*. Í því líkani er sjónum beint að því að brotthvarf sé ferli sem hefjist á því að nemandinn sýnir ítrekað lélegan námsárangur sem veldur honum vonbrigðum og hefur neikvæð áhrif á sjálfsmynd hans. Til að vernda sjálfið hafnar hann skólanum sem getur birst í neikvæðri hegðun og að nemandinn dragi sig í hlé. Um er að ræða vítahring sem erfitt getur verið að komast aftur út úr. Neikvæð hegðun í skóla felur m.a. í sér að óhlýðnast kennurum og skólastjórnendum, vera fjarverandi eða truflandi í kennslustundum og skila ekki verkefnum.

Hitt líkanið fjallar um þátttöku og samsömun og kallast á ensku: *Participation-identification model*. Líkanið snýst um mikilvægi þátttöku í skólastarfi og um mikilvægi þess að samsama sig með skólanum. Taki nemandi þátt í athöfnum innan skólans fellur hann betur að skólanum og líkur á betri námsárangri vaxa (Finn, 1989). Hæfni til þátttöku byrjar að mótast hjá flestum börnum strax á grunnskólaaldri með athöfnum á borð við að mæta á

hverjum degi, taka virkan þátt, hlýða kennara og sinna verkefnum. Þessi þátttökuhegðun heldur áfram að vera mikilvæg í gegnum alla skólagönguna. Þátttökunni fylgir sú tilfinning að vera hluti af stærri hóp innan skólans og uppskera góðan árangur. Ef börn ná hvorki að viðhalda þátttöku né finna fyrir samsömun í skóla geta þau átt á hættu að ganga illa í náminu (Finn, 1993).

Sett er fram skýr krafa í aðalnámskrá framhaldsskóla um að skólum beri að flétta grunnþætti menntunar saman við þróunaráætlun skólans. Í hefti um grunnþætti menntunar sem fjallar um lýðræði og mannréttindi (2011) kemur fram að skólar þurfa í fyrsta lagi að taka tillit til þess að nemendur eiga að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi að námi loknu. Því er brýnt að nemendur læri um þess háttar vinnubrögð og samfélög. „Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins“ (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012). Talað er um að nemendur „læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði“ (Wolfgang Edelstein, 2006; Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012). Fram kemur að „mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi“ (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012). Skólaþróunarverkefnið er liður í því að innleiða þann grunnþátt menntunar sem fjallar um lýðræði og mannréttindi og mun nýtast öllum framhaldsskólum sem standa frammi fyrir þessu sama verkefni.

Það er okkar sannfæring að með því að kennarar noti fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreyttara námsmat og þrói lýðræðisleg vinnubrögð innan skólastofunnar aukist virkni og áhugi nemenda og þar með vaxi ábyrgð þeirra á eigin námi. Aukin virkni, áhugi og ábyrgð gæti síðan í framhaldi stuðlað að meiri samsömun og minna brotthvarfi nemenda frá námi en það eru málefni sem hvað heitast brenna á þeim sem láta sig skólastarf einhverju varða.

Þekking á grunnþáttum

Í aðalnámskrá framhaldsskóla (2011) segir að grunnþættirnir sex skuli koma fram í kennslu, skipulagi, starfsháttum og þróunaráætlun, þ.e. í allri starfsemi skólans. Orðið lykilhæfni kemur fyrir í lýsingum grunnþátta í aðalnámskrá en með því er átt við þá hæfni sem nemendur öðlast í námi sínu og geta nýtt sér að námi loknu. Lokamarkmið og hæfni í lok áfanga eiga að fléttast inn í skipulagningu skólastarfs, námsáætlun, áfangalýsingu og síðast en ekki síst í námsmat nemenda.

Brýnt er að nemendur tileinki sér lýðræðislegt einstaklingseðli fyrir það samfélag sem þeir lifa í (Ólafur Páll Jónsson, 2010). Slíkt felur í sér viðhorf, gildismat, siðferði, samskipti, gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og almenna hegðun nemenda. Nemendur þurfa því að læra að virða mismunandi skoðanir og ólík sjónarhorn. Einnig þurfa þeir að beita gagnrýnni hugsun í t.d. rökræðum, skoða siðferðisleg gildi sín og rýna í samskipti sín við aðra. Nemendur skulu einnig virða reglur samfélagsins.

Skv. aðalnámskrá framhaldsskóla (2011) er þess krafist að nemendur þjálfist í góðri samskipta- og félagshæfni, læri að setja sig í spor annarra og verði virkir þátttakendur á þann hátt að þeir taki þátt í að móta samfélag sitt (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Mikilvægt er að skólinn uppfylli þessar kröfur og eigi sinn þátt í að móta lýðræðislegt samfélag innan skólans. Kennarar, stjórnendur, skólanefndir og starfsfólk þurfa að uppfylla sömu kröfur og nemendur til þess að lýðræðislegt samfélag gangi upp.

Nemendur læra um lýðræði í kennslustofu m.a. gegnum námsefnið. Samkvæmt Dewey felst besta kennslan í því þegar nemendur fá að athafna sig og þjálfra samskipta- og félagshæfni sína fimm daga vikunnar í skólanum (Ólafur Páll Jónsson, 2010). Með því að beita lýðræðislegum kennsluháttum breytist hlutverk kennara, þeir eru ekki lengur í aðalhlutverki sem þekkingarmiðlarar og ábyrgðin færir yfir á nemendur sem fá að spreyta sig með leiðsögn. Hvetja því lýðræðislegir kennsluhættir til aukinnar ábyrgðar og sjálfstæðra vinnubragða nemenda. Með auknu sjálfstæði nemenda eru meiri líkur á að áhugi og metnaður vakni gagnvart náminu (Benson, 2001). Lýðræðislegir kennsluhættir fela einnig í sér frelsi og val fyrir nemendur sem tvímælalaust vekur áhuga þeirra og innri námshvata (Deci, 1975).

Þekking á rannsóknum

Þegar farið er á stað með skólaþróunarverkefni eins og hér er lagt upp með er nauðsynlegt að skoða þær rannsóknir sem áður hafa verið gerðar. Við þá heimildaöflun hafa ýmsar gagnlegar greinar verið lesnar og er hér fyrir neðan skilað á stóru um þær.

Rannsóknir hafa sýnt að það þarf að gefa nýjum skólaþróunarverkefnum nægan tíma í undirbúning til að vel takist til (Roehrig og Kruse 2005). Það sannaðist líka við innleiðingu þverfaglegs áfanga í náttúru- og menningarläsi í Menntaskólanum í Kópavogi en þar fengu kennarar undirbúningstíma innan vinnuskyldu í eina önn til skipulagningar og efnisöflunar sem skilaði sér vel þegar á reyndi og kennslan hófst.

Í greininni *Case-Method Teaching as Democratic Practice* eftir Tinu Jacobowitz og Cynthia Onore (2004) kemur fram að kennsluaðferð sem byggir á því að nemendur fást við raunveruleg viðfangsefni (e. *case*) úr því samfélagi sem þeir lifa í (e. *case-method teaching*) styrki rökhugsun og efling á huga, virkni og ábyrgð á eigin námi. Greinarhöfundar rannsökuðu þá möguleika sem þessi kennsluaðferð býður upp á til að styðja við eflingu lýðræðis í kennslustundum og þar með búa nemendur undir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Hlutverk þátttakenda í rannsókninni var að búa til viðfangsefni (e. *cases*) til að leggja fyrir nemendur. Þetta er áhugaverður þáttur í þessari kennsluaðferð og mætti vel hugsa sér að láta nemendur framhaldsskóla framkvæma þetta. Í stað þess að nemendur leiti lausna á viðfangsefnum sem einhver annar hefur samið þá setjast þeir saman yfir að búa til ný viðfangsefni til úrlausnar fyrir aðra og þannig gætu nemendahópar lagt verkefni hver fyrir annan.

Í greininni *Teaching democracy: What schools need to do* eftir Joseph Kahne og Joel Westheimer (2003) er fjallað um lýðræði og hvernig nýta megi það betur í skólakerfinu. Fjallað er um almennt áhugaleysi nemenda í þessu samhengi og því er haldið fram að það geti falið í sér hættu á vanvirkni og afskiptaleysi, jafnvel hvað varðar hluti sem snerta þeirra eigin líf og/eða hagsmuni. Það er því mikilvægt að kenna nemendum að þeir geti látið rödd sína heyrast og látið til sín taka. Til þess að nemendur geti orðið upplýstari, skuldbundnari og virkari einstaklingar í samfélaginu verður skólakerfið að setja þúður í kennslu um lýðræði og allt sem því við kemur. Í greininni voru tekin dæmi um slíka kennslu í Bandaríkjunum og sýndu niðurstöður mun á afstöðu nemenda. Þeir sáu breytingar á skuldbindingu og umfangi á lýðræðislegri þátttöku nemenda. Eftir kennslu í lýðræði um lýðræði fylgdu nemendur frekar eigin sannfæringu og voru t.d. betur í stakk búnir til að koma auga á óréttlæti í kringum þá og bregðast við.

Carsten Linding Jakobsen og Else Bengaard Skibsted (2011) fjalla um lýðræði innan skólafunnar í dönskum grunnskólum í greininni *Demokrati i skolen – det virker jo!* Rannsóknir sýna að lýðræði innan skólafunnar eykur vellíðan nemenda. Nemendur verða virkari í námi og samstaða nemendahópsins er meiri ásamt því að sjálfsálit og sjálfstraust nemenda eykst. Samkvæmt höfundum greinarinnar eru tvær leiðir til þess að beita lýðræðislegum kennsluháttum innan skólafunnar; óbein leið og markviss leið. Með óbeinu leiðinni talar kennari við nemendur í tímum um ákveðin atriði sem varða skipulag kennslunnar og nemendur fá að koma með tillögur og óskir. Nemendur taka einnig þátt í mótun kennslu með markvissum hætti, t.d. með nemendaráði sem nemendur kjósa sjálfir fulltrúa í. Að lokum segja höfundar greinarinnar að með lýðræðislegum kennsluháttum

opnist tækifæri til breytinga í skólastarfi en til þess að auka lýðræðislega kennsluhætti í skólum þurfi vilji til breytinga að koma frá kennurunum sjálfum.

Í greininni *An Evaluation of Classroom Management in Effective Teaching* eftir Mutaza, Khan, Khaleeq og Saeed (2012) er fjallað um hvernig kennarar eiga að haga kennslu sinni til þess að auka virkni og þátttöku nemenda og stuðla að örvandi námsumhverfi. Þar er farið yfir pakistanska rannsókn á kennsluháttum þar í landi. Samkvæmt niðurstöðum greinarinnar er mikilvægt að öll kennsla sé miðuð út frá nemendum, að með því að búa til lýðræðislegt andrúmsloft finnist þeim að þeir hafi rödd í skólastarfinu. Þá öðlist nemendur mun meiri áhuga á eigin námi, séu tilbúnir til að axla aukna ábyrgð og leggja sig meira fram. Einnig er mikilvægt að kennarar séu stöðugt að læra af nemendum og að kennslustofan sé gagnvirktt samfélag. Til að standa undir þessum væntingum er mikilvægt að búa til aðstæður þar sem öllum þykir þægilegt að deila hugmyndum og vita til þess að verið sé að taka tillit til skoðana þeirra og væntinga.

Í grein Johanne Provençal (2008) koma fram tillögur um hvernig eigi að leyfa nemendum að tjá sig og lifa samkvæmt eigin sannfæringu án fordóma kennara eða samnemenda. Leggur greinarhöfundur áherslu á að menntakerfið bjóði upp á frelsi nemenda til að skoða og sýna „hið líkamlega, sálfræðilega, tilfinningalega og andlega“ á eigin hátt. Með hinu líkamlega er átt við frelsi til að vera eins og maður vill, allt frá kynhneigð til klæðaburðar. Hið tilfinningalega á við um frelsi til að tjá tilfinningar og sýna þær án þess að það sé talið óviðurkvæmilegt. Sálfræðilega hliðin snýr að hugsunum nemenda og sú andlega á við trúarkerfi og þá er ekki einungis verið að vísa í trúabrögð. Höfundur notast við kenningar Harbermas (1989) en samkvæmt þeim verður skynsemi til með stofnun lýðræðislegs samfélags sem verður síðan til þess að koma í veg fyrir kúgun. Möguleikar á rökræðum og skoðanaskiptum opnast og skapast við það frelsi. Dæmi um slíkt frelsi er t.d. þegar samkynhneigðir „koma út úr skápnun“. Provençal telur að allir nemendur eigi rétt á frelsi til að vera eins og þeir vilja vera, lausir við fordóma. Með því að beita lýðræðislegum kennsluháttum aukast líkur á því að nemendur öðlist slíkt frelsi innan kennslustofunnar. Það er líklegt til að stuðla að aukinni vellíðan nemenda í skólanum sem síðan er líklegt til að draga úr uppgjöf og brotthvarfi, og eykur virkni þeirra og áhuga á náminu.

Í grein Ellis (2013) fer háskólakennari yfir reynslu sína af notkun lýðræðislegra kennsluhátta. Kennarinn hafði vikulegar „alþingisumræður“ og kosningar þar sem nemendur ræddu sín á milli og kusu um hvað ætti að kenna í námskeiðinu. Þetta gekk ágætlega en betra hefði verið að gera þetta strax í byrjun áfangans. Kennarinn sagðist hafa verið búinn að

byggja upp „díalektískt samband“ milli sín og nemendanna í fyrri hluta námskeiðisins en með því að brydda upp á lýðræðislegum kennsluháttum í seinni hluta námskeiðisins riðlast þetta samband. Þetta er nokkuð sem við þurfum að hafa í huga við innleiðingu nýrra kennsluhátta. Annað sem þarf að hafa í huga er ábending frá nemenda sem sagði að helsti ótti nemenda við að nýta sér lýðræðislega kennsluhætti fælist í því að þeim finnst þeir ekki hafa nógu mikla yfirsýn á námsefnið og því óttast þeir að eitthvað mikilvægt verði útundan.

Þetta er aðeins lítið brot af þeim greinum og rannsóknum sem rekið hefur á fjörur okkar við þróun þessa verkefnis. Ljóst er af þeim rannsóknum sem áður hafa verið framkvæmdar og tæpt er á hér að framan að beiting lýðræðislegra kennsluhátta virðist leiða til aukinnar virkni, ábyrgðar og áhuga nemenda en það er einmitt megintilgangurinn með innleiðingu þessa skólaþróunarverkefnis.

Móttökuskilyrði í skólanum

Menntaskólinn í Kópavogi (MK) er á fertugasta starfsári sínu um þessar mundir (st. 1973). Hann er eini framhaldskólinn á landinu sem hefur hlotið gæðavottun ISO9001 og hefur þar af leiðandi markað stefnu sína með skýrum hætti. Í stefnuskjölum skólans er starfsemi og rekstur vandlega greind og helstu áherslur lagðar.

Í grein Elisabeth Bäckman og Bernard Trafford *Democratic governance of schools* (2007) er fjallað um greiningarlíkanið *Key Areas for democratic school governance: a first analysis* sem er notað til að meta á hvaða stigi lýðræði telst innan skóla og hversu móttækilegur hann er fyrir umbótum í lýðræðisátt. Gerð var greining á MK út frá stefnuskjölunum og telst hann sæmilega lýðræðislegur skv. mælikvörðum í greininni. Þó kom fram að furðu lítið er fjallað þar um nemendur almennt sem hlýtur að vera mótsagnakennt, einkum ef horft er til einkunnarorða skólans sem vísa væntanlega til nemenda: *þekking, þroski, þróun, þátttaka*. Svo virðist sem stjórnendur og kennarar axli mikla ábyrgð með stefnu skólans en gera takmarkaðar kröfur til nemenda sinna eða ætla þeim lítinn hlut í henni. Þannig mætti ætla að skólinn líti frekar á nemendur sem neytendur eða þiggjendur en sem þátttakendur í lýðræðislegu skólasamfélagi.

Í MK hafa margs konar breytingar verið innleiddar í áranna rás í gegnum skólaþróunarverkefni. Það nýjasta er yfirgripsmikið verkefni um þverfaglegan áfanga sem heitir náttúru- og menningarlæsi (NÁL og MEL). Af skýrslu fagstjóra um verkefnið verður ekki annað séð en að bæði kennarar og stjórnendur MK séu afar móttækilegir fyrir breytingum á skólastarfi í átt að nýjum kennsluháttum og þeim grunnþáttum sem ný

aðalnámskrá framhaldsskóla mælir fyrir um. Samkvæmt greiningu okkar á stefnuskiðlunum er þó ljóst að efla þarf lýðræði í skólastarfinu og innan kennslustofunnar og leyfa nemendum að taka meiri þátt í skipulagningu og framkvæmd kennslunnar.

Að mörgu þarf að hyggja við innleiðingu skólaþróunarverkefnis í rótgrónar stofnanir sem eru íhaldssamar í eðli sínu. Ef vel á að takast til þarf að vera á varðbergi frá upphafi og sjá við hugsanlegum vandkvæðum sem gætu hindrað innleiðingu. Hindranir geta verið af ýmsum toga en helst ber að nefna fjármagnsskort, tímaleysi, menntunarstig kennara og mótþróa og/eða áhugaleysi stjórnenda, kennara, nemenda og foreldra.

Fjármagnsskortur er stór hindrun við framkvæmd skólaþróunarverkefna og því eru styrkir afar mikilvægir fyrir brautargengi þeirra. Jafnvel þótt að styrkur fáist mun skóli að öllum líkindum þurfa að leggja talsvert fjármagn til verkefnisins og getur það stundum orðið til þess að stjórnendur leggist gegn því. Það gildir ekki um MK, stjórnendur þar hafa lengi beðið nýrrar aðalnámskrár og innleiðingu grunnþátta með óþreyju. Tímaleysi er einnig þekkt vandamál. Kennarar hafa yfirleitt nóg á sinni könnu og því getur verið erfitt að fá þá til að taka virkan þátt í breytingum, sérstaklega ef það krefst þess að þeir þurfi að leggja mikinn tíma í það. Kennarar MK hafa hins vegar verið óþreytandi að prófa nýjungar í kennslu, fylgjast með örri tækniþróun og vera ávallt í fararbroddi en skólinn var t.d. leiðandi í notkun upplýsingatækni um árabil og innleiddi gæðastjórnun og iso-staðla með miklum tilkostnaði og fyrirhöfn.


Annað þekkt vandamál er menntunarstig kennara en þeir þurfa að hafa góða þekkingu á kennsluáðferðum sem stuðla að lýðræði, hafa gott vald á tíma- og verkefnastjórnun og geta unnið í samvinnu við aðra. Við innleiðingu þverfaglega áfangans NÁL og MEL var afar samhent teymi kennara sem hélt um stjórnartaumana. Ekki varð vart við neinn ágreining eða árekstra, markmiðið var sameiginlegt og skýrt og allir lögðu sitt af mörkum. Kennarnir unnu náið saman, funduðu reglulega og stilltu saman strengi. Enn ein hindrun getur falist í mótþróa og áhugaleysi innan skóla en það á svo sannarlega ekki við um MK. Þegar auglýst var eftir kennurum til að taka þátt í verkefninu um þverfaglegan áfanga gáfu 30 kennarar sig fram og engan bilbug var á þeim að finna. Mikilvægt er alltaf að hafa samráð við stjórnendur og starfsfólk þegar lagt er af stað og ekki má gleyma mikilvægi þess að hafa nemendur og aðstandendur þeirra með í ráðum eins og hægt er. Áður en NÁL og MEL var innleitt var verkefnið kynnt fyrir foreldrum og forráðamönnum á grunnskólakynningum, í Kópavogspóstinum, á heimasíðu skólans og í kynningarbréfi til nýnema við góðar undirtektir.

Í upphafi skyldi endinn skoða og því er mikilvægt að vera vakandi fyrir bæði hindrunum og tækifærum við innleiðingu verkefnisins. Kennarar Menntaskólans í Kópavogi búa yfir miklum eldmóði, þekkingarauði og víðtækri reynslu. Skólinn er bæði nýjungagjarn og framsækinn og hefur í gegnum árin lagt mikla vinnu og metnað í það sem hann tekur sér fyrir hendur. Það er því alveg ljóst að ef þetta verkefni fær brautargengi og fjármagn munu allir í MK leggja sitt af mörkum til að tryggja velgengni þess.

Aðferðir við innleiðingu

Við innleiðingarferli í MK verður komið á fót starfssamfélagi (e. *community of practice*) í anda Wenger (2010, 2004). Einkum er stuðst við svonefnda kleinuhingsaðferð. Starfssamfélag virkar best ef meðlimir þess eru áhugasamir um viðfangsefnið og því verður fyrst auglýst eftir þáttakendum í skólaþróunarverkefnið meðal nemenda, kennara og stjórnenda til að ná til þeirra sem eru áhugasamir um lýðræðislega kennsluhætti. Síðan er stofnað starfssamfélag sem hefur innleiðingu lýðræðislegra kennsluhátta að markmiði sínu. Samsetning þess fer eftir undirtektum en best væri að hafa fulltrúa allra aðila.

Starfssamfélög virka best ef meðlimir þess koma úr grasrótinni (e. *bottom-up enthusiasm*) með stuðningi stjórnenda (e. *top-down encouragement*). Innan starfssamfélaga er unnið eftir lárétu valdaskipulagi, þ.e. allir meðlimir eru jafn mikilvægir, hafa sömu völd og áhrif og deila sömu ábyrgð.



Mynd 1: Hér má sjá myndræna útfærslu af kleinuhingsaðferðinni (Wenger, 2004, þýð. Þuríður Jóhannsdóttir).

Á mynd 1 er kleinuhringsaðferðin dregin upp. Öflun upplýsinga og þekkingar innan starfssamfélaga er líkt við kleinuhring. Við innleiðingu lýðræðislegra kennsluhátta í MK verður honum skipt niður í bita sem fá nöfnin *svið, samfélag, starf/iðkun, áætlun, læra, deila með öðrum, lóðsa, vísa veg* og *frammistaða*.

Svonefnt svið snýr að aukningu lýðræðislegra kennsluhátta. Samfélag nær til nemenda og starfsmanna sem taka þátt í verkefninu. Starf/iðkun nefnist einstaklingsbundinn bakgrunnur hvers og eins innan starfssamfélagsins. Áætlun fjallar um það hvernig starfssamfélagið hyggst innleiða lýðræðislega kennsluhætti. Lærdómur á sér síðan stað þegar meðlimir starfssamfélagsins kynnast og deila ólíkum bakgrunni og þekkingu sem skilar sér í nýrri þekkingu starfssamfélagsins í heild. Þessari nýju þekkingu þarf starfssamfélagið að koma á framfæri, t.d. til annarra kennara, nemenda og stjórnenda. Það er síðan á ábyrgð þeirra sem eru í starfssamfélaginu að halda utan um þekkinguna sem verður til við innleiðingu og lóðsa eða vísa þeim veg sem á eftir koma. Frammistaðan veltur svo á getu starfssamfélagsins að koma áætlun sinni í framkvæmd.

Mikilvægt er að kynna til sögunar hugtakið *viðurkennd jaðarþátttaka* (e. *legitimate peripheral participation*) (Lave og Wenger, 1991) í tengslum við lærdómskleinuhringinn góða. Til að kunnátta eða þekking sem aflað er berist um allan skóla þurfa fleiri en þeir sem eru meðlimir starfssamfélagsins að njóta hennar. Það gerist með viðurkenndri jaðarþátttöku. Virkni hennar er þannig að þeir aðilar sem eru ekki hluti starfssamfélagsins fylgjast með utan frá og læra af þeim sem eru meðlimir. Þeir ákveða síðar þátttöku sína í starfssamfélaginu og þannig berst kunnátta og þekking víðar. Ferlinu má líkja við hefðbundið iðnnám enda þróaði Lave þetta hugtak þaðan. Í iðnnámi læra nemendur af meistara sínum og smám saman öðlast þeir meiri þátttöku í samfélagi þeirrar iðnar sem þeir leggja stund á. Á sama hátt nýta aðrir kennarar sér þá þekkingu og reynslu sem kennarar í starfssamfélaginu verða sér úti um við innleiðingu á lýðræðislegum kennsluháttum.

Við upphaf innleiðingar er lögð megináhersla á kennsluhætti þar sem nemendur glíma við raunveruleg viðfangsefni úr því samfélagi sem þeir búa í og tengjast þeim námsgreinum sem verið er að kenna (e. *case-method teaching*) (Jacobowitz og Onore, 2004). Ásamt því verður annar angi af *case-method teaching* kennsluáðferðinni kynntur, en hann er sá að nemendur fái tækifæri til að þróa ný viðfangsefni sem byggja á raunverulegum atburðum úr því samfélagi sem þeir koma. Þannig yrði hægt að leggja ný verkefni fyrir til úrlausar á milli hópa innan kennslustofunnar (Jacobowitz og Onore, 2004). Einnig verður leitað samstarfs við kennara á menntavísindasviði HÍ og meðlimir starfssamfélagsins hvattir til að

kynna sér og leggja til þá lýðræðislegu kennsluhætti sem þeir hafa komist í kynni við á öðrum vettvangi.

Í tengslum við innleiðingu er áætlað að *Lýðræðisfélag MK (LMK)* verði stofnað til að ýta undir útbreiðslu lýðræðislegrar hugsunar innan skólans. Þetta verður einn af þeim þáttum sem starfssamfélagið tekur ákvörðun um og hrindir í framkvæmd en hugsa má um LMK sem útvíkkaða útgáfu af starfssamfélaginu. LMK verður byggt upp af fólki sem er áhugasamt um lýðræði almennt og er ætlað nemendum skólans og stuðningskerfi starfssamfélagsins (stjórnendum MK). Lögð er áhersla á að nemendur í starfssamfélaginu verði einnig meðlimir LMK og þar með fjölmeðlimir, þ.e. þeir eru hluti af tveimur starfssamfélögum þar sem þeir njóta góðs hver af öðrum. Þar sem hugmyndir nemenda um lýðræðislega kennsluhætti eru ekki endilega þær sömu og kennara og stjórnenda er líklegt að með tilkomu LMK verði rödd nemenda ný og byltingarkennd og örugglega sterk innan starfssamfélagsins sem stýrir innleiðingu á lýðræðislegum kennsluháttum.

Á innleiðingartímabilinu verða haldnir a.m.k. tveir formlegir skólafundir með öllum nemendum MK. Þar geta áhugasamir lagt fram tillögur að breytingum og sagt sína skoðun á því hvernig lýðræðislegir kennsluhættir snerta þá. Einnig verða reglulegir bekkjarfundir þar sem ýmis mál er varða lýðræði í MK eru rædd. Á facebooksíðu skólans verður opinn lýðræðishópur sem fylgist með og deilir áhugaverðu efni um lýðræði almennt. Öllum nemendum skólans er gefinn kostur á að láta til sín taka og stuðla að breytingum í lýðræðisátt innan kennslustofunnar og í skólastarfinu öllu.

Mat á árangri

Mat á árangri verður í höndum starfssamfélagsins sem stofnað verður um verkefnið innan MK. Tvær megináferðir verða notaðar við mat á árangri af innleiðingu þessa verkefnis og eru þær báðar í eðli sínu þannig að um eigindlega (e. *qualitative*) rannsókn og niðurstöður verður að ræða. Önnur er stofnun rýnihópa þeirra aðila sem eiga hlut að máli, nemenda, kennara og stjórnenda. Því er þar um að ræða þrjá rýnihópa. Einnig verður fjórði rýnihópurinn settur upp og í honum verða aðstandendur nemenda. Fyrir þessa rýnihópa verða lagðir spurningalistar þar sem þeir leggja mat á hvernig til hefur tekist, hvað hafi breyst til batnaðar og hvað hafi miður farið. Við uppsetningu rýnihópanna er farið eftir leiðbeiningum í *Handbook For Excellence In Focus Group Research* (Debus, 1986) en þar er farið af nokkurri nákvæmni í hvernig standa skal að framkvæmd slíkra funda til að þeir skili sem áreiðanlegustum niðurstöðum. Lagt er upp með að rýnihóparnir hittist a.m.k. tvisvar á

innleiðingarferlinu, í upphafi og undir lokin. Þó getur farið svo að fundirnir þurfi að verða fleiri ef tveir eða fleiri hópanna skila mjög ólíkum niðurstöðum. Þetta er hins vegar allt útlistað mjög nákvæmlega í leiðbeiningunum *Handbook For Excellence In Focus Group Research* (Debus, 1986).

Síðari aðferðin sem notuð verður við mat á árangri verkefnisins verður myndbandsupptaka af kennslustundum þeirra kennara sem taka þátt í verkefninu. Til að byrja með verður tekin upp dæmigerð kennslustund áður en innleiðing lýðræðislegra kennsluhátta hefst. Teknar verða upp kennslustundir á miðju innleiðingartímabili og aftur í lok þess. Þessi myndbönd verða síðan notuð til að greina þá breytingu sem verður á andrúmslofti innan kennslustofunnar eftir því sem á innleiðingartímann líður. Þar verður m.a. hægt að skoða hvort sá tími sem fer í að kennari talar hefur styst og einnig verður á þessum myndböndum hægt að greina hvort nemendur sýni smám saman meira frumkvæði og axli meiri ábyrgð í náminu. Einnig verður hægt að greina samræður nemenda, t.d. í hópavinnu, og hver þróun þeirra í lýðræðisátt verður. Sem dæmi má nefna hvernig nemendur taka tillit til ólíkra sjónarmiða hver annars og hvernig þeir leysa úr ágreiningsefnum. Notkun myndbandsupptaka hefur færst gríðarlega í vöxt á síðari árum og gefur rannsakendum kost á að kafa dýpra í þætti sem ekki liggja á yfirborðinu og fara framhjá kennara og rannsakendum sem fylgjast með kennslu í rauntíma (Pirie, 1996). Auk þess er það mun minni truflun fyrir kennara og nemendur að hafa myndbandsupptökuvél í gangi heldur en að einhver óviðkomandi sitji inni í kennslustofunni og fylgist með því sem fram fer. Það getur verið gott fyrir rannsakendur og kennara að geta skoðað hvað fór fram í kennslustofu eftir á, þegar fjarlægð hefur skapast frá þeim atburðum sem áttu sér stað, og lagt mat á þá (McKinney, 2005). Þá geta upptökur af kennslustundum hjálpað kennurum við að þróa betur þær kennsluáðferðir sem stuðla að aukinni lýðræðisvitund nemenda (McCurry, 2000).

Einnig verður notast við önnur gögn, s.s. niðurstöður kennslu- og áfangamats sem gert er á hverri önn í MK, skýrslur og dagbækur sem kennarar skrifa í skólanum, viðhorfskönnun meðal kennara og nemenda í ferlinu og mælingar á brotthvarfi til að fá samanburð. Er það svo í höndum starfshópsins að vinna úr þessum gögnum og túlka upplýsingar með hliðsjón af þeim niðurstöðum sem fást í eigindlega matinu.

Að innleiðingu lokinni eru niðurstöður settar fram í rannsóknargrein sem birtist í innlendum og erlendum tímaritum eða netmiðlum sem láta sig þróun í kennsluháttum varða.

Heimildir

- Bäckman, E., & Trafford, B. (2007). *Democratic governance of schools*. Council of Europe.
- Benson, P. (2001). *Teaching and researching autonomy in language learning*. London: Longman.
- Debus, M., Porter Novelli (1986). *Handbook for Excellence in Focus Group Research, Washington: Academy for Educational Development, Healthcom.*
- Deci, E. (1975). *Intrinsic motivation*. New York: Plenum Press.
- Ellis, L. (2013). Why does he want a dictator? Action research on democratic classroom decision making. *English Education*, 45(4), 385-401.
- Finn, J. D. (1989). Withdrawing from school. *Review of educational research*, 59(2), 117-142.
- _____. (1993). *School engagement & students at risk*. Washington, DC: National Center for Education Statistics.
- Guðlaug Ragnarsdóttir, Guðrún Angantýsdóttir, Helene H. Pedersen og Sigríður Þórðardóttir, (2011). *Þverfagleg viðfangsefni – Samstarfsverkefni kennara í MK*. Menntaskólinn í Kópavogi.
- Habermas, J. (1989). *The structural transformation of the public sphere: An inquiry into a category of bourgeois society*. Cambridge: MIT Press.
- Jacobowitz, T., & Onore, C. (2004). *Case-method teaching as democratic practice*. Kappa Delta Pi Record, 41(1), 35-37. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/232057550?accountid=85767>

Jakobsen, C. L. & Skibsted, E. B. (2011). Demokrati i skolen - det virker jo!. *Liv i skolen*, 1, 11-18.

Kahne, J. og Westheimer, J. (2003). *Teaching democracy: What schools need to do*. Phi Delta Kappan, 85(1), 34-40, 57-66.

Lave, J. & Wenger, E. (1991) *Situated learning: legitimate peripheral participation*. Cambridge University Press.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Sótt 03.02.2014 af

<http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>

McCurry, D.S., (2000). *Technology for Critical Pedagogy: Beyond Self-Reflection with Video*. Monmouth University, Curriculum and Instruction Department, New Jersey, United States. Educational Resources Information Center (ERIC).

McKinney, C., (2005). *A Balancing Act: Ethical dilemmas of democratic teaching within critical pedagogy*. University of the Witwatersrand, South Africa. Educational Action Research, Volume 13, Number 3, 2005.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámsskrá framhaldsskóla. Almennur hluti*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Murtaza, A., Khan, A. M., Abdur, R. K., & Saeed, S. (2012). An evaluation of classroom management in effective teaching. *International Journal of Business and Social Science*, 3(3)

Ólafur Páll Jónsson. (2010). Hugsun, reynsla og lýðræði. Í: *John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði*. Ritstj. Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, bls. 13-41. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun: Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). Lýðræði og mannréttindi. *Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Pirie, S.E.B. (1996). *Classroom Video-Recording: When, Why and How Does It Offer a Valuable Data Source for Qualitative Research?* University of British Columbia, Department of Curriculum Studies. Educational Resources Information Center (ERIC).

Provençal, J. (2008). *Skeletons in the classroom closet: Presence/absence in the “democratic” public sphere of the academy*. McGill Journal of Education. Sótt af <http://mje.mcgill.ca>

Roehrig, G. H. & Kruse, R. A. 2005. The Role of Teachers' Beliefs and Knowledge in the Adoption of a Reform-Based Curriculum. *School Science and Mathematics*, December 2005, 105(8), 412-422.

Sigrún Aðalbjarnadóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.

Wenger, E. (2004). *Knowledge management as a doughnut: Shaping your knowledge strategy through communities of practice*. Ivey Business Journal, 68(3), 1-8.

_____. (2010) Communities of practice and social learning systems: The career of a concept. Í: *Social Learning Systems and communities of practice*. Ritstj. Blackmore, C. Springer Verlag and the Open University.

Wolfgang Edelstein. (2006). *Values and competencies for tomorrow's schools: A plea for democratic schools*. Erindi á ráðstefnu á vegum Association of Moral Education (AME). Freiburg, Sviss.